

Húsbyggjendatrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli E-14

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER HÚSBYGGJENDATRYGGING?

Húsbyggjendatryggingin veitir víðtæka og alhliða vernd fyrir þá sem eru með hús í smíðum og hafa ráðið byggingarstjóra og/eða ábyrga verktaka til að annast byggingarframkvæmdir. Hún tekur til húseigna eða húseignahluta í smíðum og bætur tjón á byggingarefni, verkfærum, vinnupöllum og vinnuskúrum á byggingarstað. Tryggingin inniheldur einnig ábyrgðartryggingu og slysatryggingu. Hún bætir þó ekki tjón á munum sem eru í eigu annarra en eiganda húseignarinnar, svo sem verktaka eða iðnmeistara.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

HÚSBYGGJENDATRYGGING

- ✓ Tjón af völdum eldsvoða, sótfalls eldingar eða sprengingar.
- ✓ Tjón vegna vatns, svo sem af völdum skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögn um hús.
- ✓ Tjón af völdum hruns eða sigs.
- ✓ Tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði fer yfir 28,5 m/s.
- ✓ Tjón vegna innbrots, ráns eða skemmdarverks á byggingarstað.
- ✓ Tjón á gleri ef það brotnar en eingöngu eftir ísetningu.

SLYSATRYGGING HÚSBYGGJANDA

- ✓ Slys sem verða á byggingarstað, á beinni leið milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

HÚSBYGGJENDATRYGGING

- ✗ Tjón af eldi sem ekki verður talinn eldsvoði t.d. sviði og tjón sem orsakast af skammhlaupi.
- ✗ Þjófnað á verðmætum sem geymd eru undir berum himni eða á stað sem óviðkomandi á greiðan aðgang að.
- ✗ Tjón sem verður þegar unnið er með sprengiefni á verkstað.
- ✗ Tjón á gleri sem rispast eða flísast úr, tjón vegna móðu á milli glerja, tjón á gleri af völdum þenslu eða ófullnægjandi viðhaldi ramma eða lista, glertjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss eða tjón af völdum brots á gleri eða a
- ✗ Afleidd tjón af hvaða orsökum sem er.
- ✗ Tjón vegna notkunar á röngu eða gölluðu efni.
- ✗ Tjón vegna rangrar og/eða ófullkominnar hönnunar og/eða útreikninga.

- ✓ Undir trygginguna falla váttryggingartaki og fjölskylda hans, svo og aðrir, sem um stundarsakir vinna við bygginguna launalaust og eru ekki verktakar, byggingarstjóri, iðnmeistarar eða starfsmenn þeirra.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.

- ✗ Tjón af völdum skráningarskyldra ökutækja.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Váttryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti.
- Váttryggður skal sjá til þess að váttryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur. Verkfæri, áhöld eða önnur verðmæti skal ávallt geyma í læstri geymslu.
- Váttryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða hvers kyns vörslu sprengiefna, eiturfna eða annarra álíka hættulegra efna.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Slysatryggingin gildir þó einnig á beinni leið milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni, þótt þau séu utan byggingarstaðar.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu